

Ágæti viðskiptavinur

Yfirlit

Meðfylgjandi yfirlit sýnir bókuð iðgjöld á tímabilinu apríl 2020 til nóvember 2020 og áætlaða stöðu í samningslok.

Eru iðgjöldin þín að skila sér til Allianz

Við hvetjum þig til að bera saman yfirlitið og launseðla. Hægt er að fylgjast með hvernig iðgjöld skila sér inn á „Mínar síður“. Hafðu samband strax ef þú telur vanta iðgjaldagreiðslur og við aðstoðum þig við innheimtu þeirra.

„Fyrstu kaup“ og innborgun inn á húsnæðislán

Viðskiptavinir Allianz sem hafa hug á að nýta sér iðgjöld vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og/eða greiða inn á lán vegna fyrstu kaupa í 10 ár geta ekki gert það í gegnum Allianz tryggingasamninga. Ástæðan er sú að Allianz er með tryggingasamninga þar sem iðgjöld eru millifærð mánaðarlega til Allianz í Þýskalandi og því ekki hægt að ráðstafa þeim annað í 10 ár.

Viðskiptavinir Allianz sem hafa hug á að nýta inngreidd iðgjöld inn á lán til 30. júní 2021 sækja um á vef Skattsins leidretting.is.

Þegar sótt hefur verið um að ráðstafa iðgjöldum inn á lán í gegnum vef Skattsins er samningurinn settur í bið hjá Allianz í Þýskalandi til 1. júlí 2021. Iðgjöld sem eru umfram heimild Skattsins eru geymd á biðreikningi í nafni samningshafa.

Mikilvægt er að tilkynna til skrifstofu Allianz ef þátttöku í úrræðinu er hætt og verður samningurinn endurvakinn í Þýskalandi.

Allianz stærsta vörumerki í heimi í flokknum tryggingafyrirtæki

Í október gaf ráðgjafafyrirtækið Interbrand út lista yfir verðmætustu vörumerki í heimi. Interbrand metur það sem svo að Allianz sé verðmætasta vörumerki í heimi í flokki tryggingafyrirtækja, 3. verðmætasta vörumerki í heimi í flokki fjármálafyrirtækja og 39. stærsta vörumerki í heimi þegar á heildina er litið.

Við hjá Allianz á Íslandi erum stolt á því að vera þátttakendur í þessum frábæra árangri á heimsvísu.

Þjónusta á Covid-tímum

Skrifstofa Allianz er opin, en á þessum tímum hvetjum við viðskiptavini til þess að nýta sér rafrænar leiðir. Við tökum vel á móti þér í netspjalli og síma 595-3300, svörum öllum tölvupósti eins fljótt og mögulegt er. Á mínum síðum er hægt að nálgast upplýsingar um stöðu, sækja yfirlit, tilkynna nýjan launagreiðanda, ásamt öðru gagnlegu efni. Hægt er að panta viðtal við ráðgjafa á heimasíðu Allianz.

Með kveðju, Starfsfólk Allianz

Allianz tryggir þína framtíð